



## Fréttir og samantektir húsfunda

**Miðvikudagur 25. maí:** Tilkyrningar um hjólað í vinnuna, haustferðarfund og opið hús. Sagt var frá ýmsu hagnýtu varðandi Geysisdaginn og tilhögun fjáröflunar og skemmti-dagskrár. Sagt var frá námsframboði í Fjölmennt og spunnust af fjörugar umræður. Undir liðnum önnur mál var fjallað um matjurtagarð, veitingar á Geysisdegi og nýtt auðkenni klúbbsins.

**Miðvikudagur 1. júní:** Rætt var um garðyrkju og hvernig gróður væri ákjósanlegur fyrir framan húsið. Rætt var um haustferð, sætaframboð, staðfestingargjald, punktanotkun og hvernig ætlunin væri að fara út á Keflavíkflugvöll. Áfram rætt um framkvæmd Geysisdagsins og félagar hvattir til þess að taka þátt. Undir önnur mál var rætt um garðhald í Gorvík og mikilvægi þátttöku félaga í þeirri framkvæmd.

**Miðvikudaginn 8. júní:** Ester sagði frá EPCD fundinum í Amsterdam, fjármögnun, lögheimili og varnarþingi. Rætt um kosti og galla og kostnað Geysis af þátttöku í EPCD starfinu. Hann ekki talinn óyfirtíganlegur. Ester fór yfir stöðu fjármála Geysis og sagði hana ágæta. Ekki væri farið að sækja í neina varasjóði. Hún kynnti einnig til sögunnar bréf þar sem starfsemi klúbbsins væri kynnt og saga eins félaga sögð í stuttu máli og óskað eftir frjálsum framlögum frá viðtakanda. Miðað væri við að bréfið yrði sent til vina og vandamanna starfsfólks og



Frá húsfundi 20. júlí síðastliðinn

félaga til að byrja með og sjá hvernig viðtökur yrðu. Rætt var um nýtt merki Geysis og hvernig vinnu við það miðaði. Félagar hvattir til þess að taka þátt í umræðum á húsfundum.

**Miðvikudagur 15. júní:** Stefán gerði grein fyrir vinnu við merki Geysis og lagði nokkrar útfærslur fyrir fundinn. Benni gerði grein fyrir undirbúningi Geysisdagsins og stöðu mála. Farið yfir verkefnalista vegna dagskrárinnar. Minnt á örþonið og mikilvægi þess í fjáröflunartilgangi dagsins.

**Miðvikudagur 22. júní:** Félagar tóku ákvörðun um hvert merki Geysis skyldi vera eftir kynningu á þremur útgáfum. Rætt var um umgengnisreglur og viðhorf. Sérstaklega var minnt á að sýna jákvæðni, vinsemd og virðingu. Sigrún minnti á hver mikilvægt væri að hrósa hvert öðru. Ákveðið var að boðið yrði upp á námskeið í ræðumennsku og fundarsköpum í haust. Lokaundirbúningur vegna Geysisdagsins er í fullum gangi og allir hvattir til að vera með.

## Viðtal við Stefán Örn Jensen yngsta Geysisfélagann Góður félagsskapur í Geysi



Stefán Örn við tölvuna á skrifstofunni

### Hvernig kynntist þú Klúbbnum Geysi?

Ég kynntist Klúbbunum Geysir gegnum konu sem heitir Sóley og vann hjá Örva starfsþjálfun.

### Hvenær mætir þú í Geysi?

Mánudögum, miðvikudögum og föstudögum

### Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í Geysi?

Af því ég er svona tölvuleikjanörd finnst mér skemmtilegast í skrifstofu- og menntadeildinni. Þar er rosa góður félagsskapur eins og reyndar allstaðar í Geysi.

### Hver er uppáhalds bíómynd, tölvuleikur og bók?

Ég er nú ekki með neitt sem heitir uppáhalds bíómynd. Ég er með svona „ALLT Í LAGI LEIKI“. Núna er ég að bíða eftir Heroes of Might and Magic 6 og nýja Warhammer leiknum. Ég er mikið fyrir herkænskuleiki. Ég les ekki mikið svo ég á enga uppáhalds bók.

### Áttu gæludýr?

Nei ég á ekki gæludýr en það kemur oft köttur í garðinn að heilsa upp á

okkur. Rosa furðulegur köttur.

### Hver eru framtíðaráform þín?

Bara að komast út og vera með góðu fólki. Það er rosa erfitt fyrir mig að fara út og komast eitthvert. Ég er líka að reyna að losa mig við nokkra galla sem ég er með, en aðallega langar mig að komast út á vinnumarkaðinn mikla.

### Eitthvað að lokum?

Ég kom í Geysi til að skoða. Ég var rosa neikvæður fyrst, en ég ákvað að gefa staðnum tækifæri og leist bara rosa vel á. Það er gaman að vera í Geysi. Hann getur líka verið svona afslöppunarstaður ef þú leyfir þér það.

**Viðtal: Benni**

## ATOM

### Fréttir atvinnu- og menntadeildar

Publisher og tölvuver hefst að nýju frá og með 18. ágúst 2011

#### Kennsla í Publisher alla þriðju-daga kl. 11.15 - 12.30.

Einstaklingsmiðuð kennsla í forritinu Publisher sem er m.a. notað til að búa til Hádegisfréttir og afmælistkort. Leiðbeinandi: Benni.

#### Kennsla fer fram í tölvuveri alla fimmtudaga frá 11.15–12.30.

Félagar geta áfram fengið einstaklingsmiðaða aðstoð á tölvur og unnið ýmis verkefni við innslátt í Word, tölvupóst og lært á Internetið. Kennari: Elín.

Fyrirhuguð námskeið á haustönn

Með haustinu stendur til að bjóða upp á annars vegar námskeið í ræðumennsku og fundarsköpum og hins vegar í ensku talmáli. Ekki eru komnar endanlegar dagsetningar á þessi námskeið en áhugasamir eru beðnir að skrá sig hjá Ester.



#### Kæri félagi!

Ef þú veist ekki hvert þú stefnir eða hvað þú vilt gera, gæti markmiðsáætlun hentað þér! Nú getur þú sem félagi í Klúbbnum Geysi valið þér stuðningsstarfsmann og gert með honum markmiðsáætlun.

**Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast!**

### Fréttir af RTR

RTR starf sem er að losna

#### Við viljum vekja athygli á RTR starfi sem er að losna á næstunni.

▲ Starfið í Þjónustumiðstöðinni við Vitatorg (Lindargötu 59) er laust frá og með 15. október. Umsjón og upplýsingar um starfið veita Benni og Ester.

Við hvetjum alla sem áhuga hafa að kynna sér þetta starf hjá umsjónarmönnum þess. Gott er að gefa sér góðan undirbúningstíma - best væri að vera búin(n) að hafa samband við Benna eða Ester fyrir 1. september. n.k.

### RTR ráðning

Magnús Hákonarson hefur verið ráðinn í RTR starf hjá Kynnisferðum á BSÍ og hefur störf þar þriðjudaginn 2. ágúst. Við óskum Magnúsi til hamingju með þetta!

### Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. **09.30** og **13.15** þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni.

**Við hvetjum féлага til að mæta á fundina.**

## Evrópuráðstefna klúbbhúsa 2012 á Íslandi!

Boði Klúbbsins Geysis um að vera gestgjafar á Evrópuráðstefnu Klúbbhúsa 2012 hefur verið tekið fagnandi. Ráðstefnan á að fara fram í apríl eða maí 2012 og gera má ráð fyrir að um 200 manns muni sækja hana, þar af um 150 manns frá hinum ýmsu evrópsku klúbbhúsum.

Þetta er mikill heiður fyrir Geysi og nú þegar er kominn góður hópur féлага sem vill taka þátt í undirbúningi fyrir þennan merkisviðburð. Allir sem hafa áhuga eru hjartanlega velkomnir í undirbúningsteymið. Mikil vinna er fyrir höndum en hægt er að lofa að

hún verður skemmtileg og spennandi.

Við höfum allt til að bera til að gera þessa ráðstefnu fagmannlega, skemmtilega og hreinlega ógleymanlega fyrir alla sem hana sækja. Við búum yfir einvala liði féлага og starfsfólks sem samanlagt getur lagt fram alla þá hæfileika, þekkingu og drifkraft sem til þarf.

Ég hlakka til að vinna með ykkur öllum í þessu verkefni og taka þátt í að sýna enn og aftur hvers Klúbburinn Geysir er megnugur.


**Ester Auður Elíasdóttir**  
framkvæmdastjóri

## Ferð til Stokkhólms á heimsráðstefnu ICCD

Það var mjög mikill heiður að fá að fara á þessa ráðstefnu ICCD. Það voru margar vinnustofur í boði og fór ég í nokkar og heyrði ég mikið hvernig hin klúbbhúsin fara að. Eins og t.d um hver mánaðarmót þá er bökuð kaka handa þeim sem eiga afmæli í mánuðinum sem var að líða og haldið upp á það í klúbbnum. Það gæti veriðgaman að taka upp þá venju hjá okkur að prufa það.

Heyrði líka sögur hjá félögum um hvernig klúbburinn hafi bjargað lífi þeirra

Næsta ráðstefna ICCD verður á Íslandi í apríl á næsta ári og hlakka ég til að taka þátt í þeirri ráðstefnu. Það verður bara gaman að kynna klúbbinn Geysi og segja



Þessi mynd er tekin af nokkrum fulltrúum Geysis sem þátt tóku í 16. heimsráðstefnu ICCD í Stokkhólmi í júlí sl. Frá vinstri. Guðmundur Kristjánsson, Halldóra Jónasdóttir, Ester Auður Elíasdóttir, Eygló Rut Óladóttir, Guðrún Þorkelsdóttir og Þórunn Helga Garðarsdóttir. Á myndina vantar Elínu Sigurðardóttur og Jón Sigurgeirsson.

frá því hvernig Geysir hefur bjargað lífi mínu.

**Þórunn Helga Garðarsdóttir**  
félagi

**ATH!: Matseðill er birtur með fyrirvara um breytingar**

**Ganga kl. 10.30 alla daga vikunnar — Morgunfundur alla daga kl. 09.00 og ókeypiss morgunmatur frá 8:30 - 9:30 — Deildarfundir alla daga kl. 09.30 og 13.15**

Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
<b>1 LOKAÐ - Verslunarmannahelgi</b>	<b>2 Rabbarbaragrautur</b> Upplýsingafundur kl. 10.00 Kjaranefndarfundur kl. 13.15 Umgengnisreglugfundur kl. 15.00	<b>3 Plokkfiskur</b> Brabra kl 10.00 Húsfundur 14.30	<b>4 Hlaðborð</b> Félagslegt: Farið út að borða	<b>5 Farsbollur og kál- böggjar</b> Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	<b>6</b> <b>Opið Hús í Geysi</b>
<b>8 Hvítlaukssúpa - Upp- skrift frá Lenku</b> Upplýsingafundur kl. 10.00	<b>9 Saltfiskur Toscana</b> Kynningarfundur fyrir nýja félaga kl 15.00	<b>10 Afrískur pottréttur</b> Brabra kl 10.00 Húsfundur 14.30	<b>11 Hlaðborð</b> Félagslegt: Bíóferð	<b>12 Svínakótilettur í lime- og hunangs- sósu</b> Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	<b>13</b>
<b>15 Austurlenskar núðlur</b> Upplýsingafundur kl. 10.00	<b>16 Kínverskur pott- réttur</b> Námskeið í úthringingum kl. 15.00	<b>17 Vorrúllur</b> Brabra 10.00 Húsfundur 14.30	<b>18 Hlaðborð</b> Félagslegt: Ferð í lista- safn. Lagt af stað frá Geysi kl 15.00	<b>19 Djúpsteiktur fiskur og rækjur</b> Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	<b>20 Menningarnótt: Geysir með kynn- ingarbás í Geðhjálp</b>
<b>22 Brauðsúpa</b> Upplýsingafundur kl. 10.00	<b>23 Fiskiklattar</b> Viðmiðunarreglugfundur kl. 15.00	<b>24 Hakkabollur Vict- oriu</b> Brabra 10.00 Húsfundur 14.30	<b>25 Hlaðborð</b> Félagslegt Opið hús í Geysi frá kl. 16.00 til 20.00	<b>26 Hænsnakjöt í grænmetissósu</b> Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	<b>27</b> <b>Opið Hús. Grill í garð- inum hjá Ester</b>
<b>29 Steiktur fiskur og eftirréttur</b> Upplýsingafundur kl. 10.00	<b>30 Pylsuréttur</b> Markmiðssetningafundur kl. 15.00	<b>31 Grjónagrautur m/ rúsínum og slátri</b> Brabra 10.00 Húsfundur 14.30	<b>1 Hlaðborð</b>	<b>2 Kjöthleifur m/ sveppum</b> Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	<b>3</b>